


SJÓBLEIKJUMERKINGAR Í VÍÐIDALSÁ

Þór Guðjónsson

Reykjavík, 1991. VMST-R/91020

Eintak bókasafns

VMST-2/91020



VEIÐIMÁLASTOFNUN

INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES

VAGNHÖFÐA 7 - 112 REYKJAVÍK - ICELAND

SJÓBLEIKJUMERKINGAR Í VÍÐIDALSÁ

Þór Guðjónsson

Reykjavík, 1991. VMST-R/91020

SJÓBLEIKJUMERKINGAR Í VÍÐIDALSÁ

Þór Guðjónsson

Inngangur

Alkunna er að Víðidalsá í Vestur-Húnavatnssýslu er í hópi gjöfulustu laxveiðiáa landsins hvað fjölda árlega veiddra laxa snertir, og auk þess er meðalþyngd laxanna með því hæsta á landinu. Um hitt heyrst minna að áin er einnig ágæt sjóbleikjuá. Rannsóknir á laxi í ánni hafa verið framkvæmdar á vegum Veiðimálastofnunar á árunum 1976, 1979, 1981 og árlega síðan 1984 (Tumi Tómasson og Finnur Garðarsson 1985, Tumi Tómasson 1990). Þá hafa hoplaxar verið merktir í ánni 1955 og 1963. Í fyrra skiptið voru 18 hoplaxar merktir hinn 8. nóvember eftir kreistingu í klak og þeim sleppt. Einn þeirra fannst dauður neðarlega í Víðidalsá 5. janúar 1956. Í síðara skiptið voru merktir 38 hoplaxar eftir kreistingu í klak fyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði 30. október 1963. Meðallengd þeirra var 76,4 cm. Voru það 16 hængar og 22 hrygnur. Einn laxanna veiddist í Ferjufljóti í Víðidalsá 19. júní 1964. Var það hrygna sem hafði lengst um fimm cm frá því að hún var merkt. Minna hefur farið fyrir rannsóknum á bleikju í ánni, enda er bleikjan álitin minna verðmæti en laxinn og er hún því í skugganum af honum. Árlegur meðalþungi er verulega hærri hjá laxi en silungi, þar sem hann getur legið á bilinu 4 til 6 kg hjá laxi, en er oftast á milli 0,7 og 1 kg hjá silungi. Samkvæmt veiðiskýrslum frá árunum 1909 til 1936 var árleg meðalveiði 757 laxar og 1119 silungar, en 1294 laxar og um 1169 silungar á tímabilinu frá 1972 til 1989.

Þegar talað er um silung í ánni er fyrst og fremst átt við bleikju þar sem sáralítið veiðist af sjóurriða. Sjóbleikjustofninn í Víðidalsá gengur um Hópið á leið til sjávar og upp í ána úr sjó. Hluti stofnsins dvelst í Hópinu um tíma áður en hann gengur í sjó og er veitt úr honum í vatninu aðallega síðari hluta vetrar og fram á vor. Á árunum 1987-1989 var veitt að vetrarlagi niður um ís í Hópinu. Veturinn 1987 veiddust 7504 bleikjur nær 5100 kg að þyngd, 1988 fengust 2654 fiskar sem vógu 1855 kg og 1989 1537 fiskar 1460 kg að þyngd. Meðalþyngd bleikjunar í veiðinni þessi ár var frá 675 gr upp í 960 gr (Björn Lárusson 1991. Munnlegar upplýsingar).

Vatnakerfi Viðidalsár

Viðidalsá kemur upp í Viðidalstunguheiði og fellur til norðurs í Hópið sem er 29,8 km² að flatarmáli. Er það fimmta stærsta stöðuvatn landsins. Sjávarfalla gætir í vatninu. Fiskgengi hluti Viðidalsár er um 25 km að lengd frá Hópinu að Kolufossi. Vegalengd frá ósi Viðidalsár um Hópið vestanvert og um Bjargaós til sjávar er um 11 km. Fitjá fellur í Viðidalsá vestan megin um 3 km neðan við bæinn að Viðidalstungu. Fitjá er laxgeng rúmlega 20 km leið upp frá ármótum hennar og Viðidalsár að Bjarnarfossi, en er aðeins geng sjöbleikju um kílómeters veg upp undir Kerjafossa. Um það bil hálfra leið frá ármótum Fitjár og Viðidalsár niður að Hópinu fellur Faxalækur að vestan í Viðidalsá, en hann er um einn km að lengd og kemur úr Vesturhópsvatni, sem er 10,3 km² að flatarmáli. Helsti lækurinn sem í það rennur er Reyðarlækur að sunnan. Hann á upptök sín í Miðfjarðarvatni. Um 2 km neðan við ármót Faxalækjar og Viðidalsár fellur Dalsá í Viðidalsá austan megin. Hún kemur upp í Viðidalsfjalli. Austan megin við fjallið á Gljúfurá upptök sín, en hún fellur í Hópið austan við ós Viðidalsár. Gljúfurá hefur verið fiskgeng aðeins rúmlega tveggja km leið upp frá Hópinu, en nýlokið er við að byggja fiskvegi í fossana í nánd við brúna á þjóðvegi 1 (sjá 1. mynd).

Bleikjuafbrigði

Á vatnasvæði Viðidalsár eru tvö bleikjuafbrigði eins og víða annars staðar. Er annars vegar um vatnableikju að ræða sem elur allan aldur sinn í fersku vatni og hrygnir jafnan í stöðuvötnum þar sem skilyrði eru til þess, en getur einnig hrygnt í rennandi vatni þegar svo ber undir. Á hinn bóginn er sjöbleikja sem gengur í sjó í ætisleit og dvelst þar í 6-8 vikur að vorinu og sumrinu. Hún hrygnir í ám og lækjum. Vatnableikju er m.a. að finna í Hópinu, en þar eru ekki skilyrði til hrygningar fyrir vatnableikju. Verður hún því að hrygna í ám og lækjum á vatnasvæðinu (Tumi Tómasson 1989 og 1991). Ekki er vitað hvar á vatnasvæðinu hún hrygnir. Vatnableikja gæti því hafa verið innan um sjöbleikju á hrygningarstöðvunum þar sem veiðin til klaköflunar og merkinga

fór fram. Hafa verður þennan möguleika í huga.

Merkingar

Á árunum 1956 til 1959 og aftur 1963 var reynt að afla nokkurrar vitnekju um hegðun sjóbleikju í Viðidalsá með því að merkja samtals 104 fiska, 40 hanga og 64 hrygnur, að hausti til við hrygningarstöðvar, aðallega í nánd við Viðidalstungu og lítilsháttar neðst í Fitjá. Sjóbleikjan hrygndi í lænum frá aðalfarvegi árinna í smágerðri mól á grunnu vatni, sjá 2. mynd. Sjóbleikjur geta einnig hrygnt í lygnum síkjum og í kílum sem opnast í árna og á töluvert grýttum botni þegar því er að skipta (Tumi Tómasson 1989). Fiska til hrognatöku og merkinga var aflað með ádrætti, sjá 3. mynd. Við merkinguna var notað svokallað Lea-merki sem er litill plasthólkur festur í bakið á fiskinum með vírlykkju framan við bakuggann. Í hólknum er prentaður miði með upplýsingum um hvert senda beri merki og með leiðbeiningum um aðferð við lengadarmælingu á fiski og hvernig taka eigi hreistursýni. Hinn 1. nóvember 1956 voru merktar 54 sjóbleikjur veiddar á móts við Dæli og í nánd við Viðidalstungubæinn. Merki af 12 þeirra eða 22,2% endurheimtust í veiðinni, 12 1957 og eitt 1958. Dregið var á hjá Viðidalstungu 22. október 1957 og voru þá merktar 22 sjóbleikjur og komu fjögur merki af þeim í veiðinni eða 18,2%, eitt 1958, tvö 1959 og eitt 1961. Þriðja merkingatilraunin fór fram 30. október 1958, en í það skiptið var lítið af sjóbleikju á þeim stöðum sem dregið var á. Merktar voru aðeins 12 sjóbleikjur og var merkjum af fjórum þeirra skilað eða 25,8%, þremur veiddum 1959 og einni 1960. Þá var sumarið 1958 tilkynnt um veiði á tveimur merktum sjóbleikjum í Viðidalsá, en ekki er vitað um hvort þær voru merktar 1956 eða 1957 þar sem merkin voru glötuð. Sjö sjóbleikjur voru merktar 16. október 1959 og komu tvö merki fram eða 28,6%, annað úr veiðinni 1960 og hitt 1961. Síðast var merkt 30. október 1963, þá níu sjóbleikjur. Fjögur merki endurheimtust eða 44,4%, þrjú af fiskum veiddum 1964 og eitt 1965, sjá 1. mynd.

Samtals endurheimtust 30 merki af þeim 104 sjóbleikjum sem merktar voru eða 28,8%. 28 þeirra fengust af veiddum fiskum eða 26,9%. Tvö merki fundust í Hópinu, annað fast í lagneti frá Leysingjastöðum í maí 1957 af sjóbleikju merktri 1956 og hitt

frá Ásbjarnarnesi 1960 af fiski merktum 1957. Skil á fiskmerkjum er jafnaðarlega ábótavant og þess er því ekki að vanta að niðurstöður af merkingum segi alla söguna, en notast verður við þar upplýsingar, sem fyrir liggja, í túlkun á niðurstöðum, þar sem annað betra er ekki fyrir hendi.

Veiðistaðir merktra fiska

Flestar merktu sjóbleikjurnar veiddust í vatnakerfi Víðidalsár eða 22 (78,6%), en sex utan Bjargaóss, þar af fjórar í Sigríðarstaðavatni, vestan við Bjargaós, ein við Blönduós og ein í Húnavatni, sem er neðsti hluti vatnasvæða Vatnsdalsár og Laxár á Ásum, sjá 1. mynd. Við athugun á hvar og hvenær merktu sjóbleikjurnar voru endurveiddar kemur í ljós að þar fengust á vatnasvæði Víðidalsár á leið til sjávar þ.e. í Vesturhópsvatni (ein í mars og ein í maí), Faxalæk (ein í byrjun júní) og í Hópinu (tvær í apríl og sjö í maí). Utan Bjargaóss veiddust tvær í Sigríðarstaðavatni síðari hluta maí mánaðar og tvær í byrjun júní. Þær tvær sem fóru út undir Blönduós og inn í Húnavatn veiddust 22. og 24. júní. Sjóbleikjurnar sem gengu úr sjó upp í Víðidalsá veiddust þrjár í júlí, fimm í ágúst og tvær í september.

Þegar litið er til tímalengdar frá því að sjóbleikjurnar voru merktar og þar til að þær voru veiddar kemur í ljós að 21 eða 75,0% þeirra fengust innan árs frá merkingu, þar af 16 eða 57,1% um vorið eftir merkingu. Sex sjóbleikjur veiddust innan tveggja ára frá merkingu þar af voru þrjár vorveiddar. Þá var ein vorveidd innan fjögurra ára frá merkingu. Óvissa var um hvort tvær sumarveiddar sjóbleikjur hefðu verið veiddar innan við eitt eða tvö ár frá merkingu.

Stærð og vaxtaraukning

Við merkingu voru allar sjóbleikjur lengdarmældar frá snjáldurodna í sporðsýlingu eða á miðjan sporðjaðar. Þær voru frá 30,5 til 67,0 cm að lengd, sjá töflu 1. Flestar voru frá 30 til 50 cm eða 81 (77,9%) af 104. Meðallengd hænga var 46,5 cm og hrygna 42,0 cm, en meðallengd allra fiskanna var 43,8 cm. Lengd á sjóbleikjum sem veiddar voru til merkinga á hrygningastöðvum hennar í Hvítá í Borgarfirði á árunum 1980-1982 voru 30-50 cm að lengd eins og megnið af

sjóbleikjunum sem merktar voru í Viðidalsá (Sigurður Már Einarsson 1990). Með endursendum merkjum af 20 sjóbleikjum fylgdu upplýsingar um lengd og þyngd þeirra. Á töflu 2 eru endurveiddu sjóbleikjurnar flokkaðar á sama hátt eftir lengd og á töflu 1, en þær voru frá 34,5-57,5 cm að lengd, flestar eða 14 (63,6%) voru frá 34,5-50,0 cm. Flestar endurveiddu sjóbleikjurnar sem veiddust innan árs frá merkingu höfðu lengst um 0,3-3 cm. Lengdaraukning á fimm sjóbleikjum sem veiddust eftir nær tvö ár frá merkingu var frá 3 upp í 7 cm, ein lengdist um 3 cm, önnur um 4 cm og sú þriðja um 7 cm. Ein veiddist að vori til á 4. ári frá merkingu og hafði hún lengst um 3,5 cm, en líklegt má telja að hér hafi verið um skekkju í mælingu að ræða. Um þyngdaraukningu er ekki vitað. Hlutfall á milli lengdar og þyngdar á sjóbleikjunum sem upplýsingar liggja fyrir um var frá 34,5 cm að lengd og 350 g að þyngd hjá þeirri minnstu og upp í 57,5 cm og 3 kg hjá þeirri stærstu, sjá 4. mynd. Mesta þyngd á endurveiddri sjóbleikju var 4 kg, en lengd hennar var ekki gefin upp. Holdastuðull var frá 0,70 til 1,56 með einni undatekningu og fór hækkandi með vaxandi stærð. Ætla verður að þyngd í einstökum tilvikum geti verið ónákvæm þar sem margir aðilar vigtuðu fiskana við misjafnar aðstæður.

Aldur

Aldursgreining af bleikjuhreistri er erfiðleikum háð. Hreistrið er smátt og áhringir ógreinilegir og það getur verið örstutt á milli þeirra. Fyrsta áhring getur vantað og vöxtur á hreistri getur stöðvast þegar eftir fyrstu hrygningu (Hans Noreng 1961). Vænta má að lestur á áhringum í hreistrinu fram að fyrstu sjógöngu sé marktækari heldur en eftir hana. Hreistri var skilað með merkjum af 13 sjóbleikjum. Aldur var lesinn af hreistrum af 11 fiskum, en hreistur af tveimur reyndist ólasilegt. Samkvæmt hreisturlestrinum voru sjóbleikjurnar þriggja til fimm vetra þegar þær veiddust. Fjórar höfðu verið tvo vetur í fersku vatn og sjö í þrjá vetur áður en þær gengu fyrst til sjávar. Til sjávar höfðu þær gengið einu sinni til þrisvar, fimm einu sinni, fimm tvisvar og ein þrisvar. Flestar þeirra eða sex talsins hefðu átt að vera fjöggra vetra.

Niðurstöðurnar af hreisturlestrinum þóttu ekki sannfarandi nema þá helst aldurinn á sjóbleikjunum fram að fyrstu sjógöngu sem fellur nokkuð saman við reynslu frá öðrum vatnasvæðum, en áhugavert þótti að reyna að fá hugmynd um aldur sjóbleikjanna í Viðidalsá. Var því leitað upplýsinga annars staðar frá um tölu ára sem sjóbleikja dvelst í fersku vatni fyrir fyrstu sjógöngu svo og um lengd hennar á því stigi. Ennfremur var aflað upplýsinga um hve oft hún gengur í sjó áður en kynþroskastiginu er náð og um árlega lengdaraukningu hennar. Þá var og spurning um lengd á sjóbleikju við fyrstu hrygningu og um árlega lengdaraukningu eftir hana. Upplýsingum um þessi atriði var aflað úr ýmsum áttum, svo sem frá Hvítá í Borgarfirði, úr grein um æviferil sjóbleikjunnar, frá Vesturdalsá og Skógalóni í Vopnafirði og frá Blöndu. Frá merkingargögnunum úr Viðidalsá fengust upplýsingar um lengd sjóbleikju við fyrstu hrygningu og líkur á lengd við aðra og þriðju hrygningu út frá lengdardreifingu hinna merktu fiska. Hliðstæðar niðurstöður við þær úr Viðidalsá fengust úr gögnum frá Héðinsfjarðarvatni sem aflað var sumarið 1973. Frá gögnum sem aflað var í Skógalóni í Vopnafirði fengust upplýsingar um lengd á sjóbleikjum sem komnar voru nálægt hrygningu svo og um aldur þeirra byggðum á lestri á kvörnum. Á grundvelli fengina upplýsinga er síðan sett fram tilgáta um hugsanlegan aldur á sjóbleikju í Viðidalsá.

Litlar beinar upplýsingar liggja fyrir um stærð sjóbleikju við fyrstu göngu hennar í sjó. Minnstu bleikjurnar við sjógöngu á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði eru á bilinu 8-9 cm, en þær gætu hugsanlega verið enn smærri. Algengast er að þær séu á bilinu 10-15 cm (Sigurður Már Einarsson 1990). Önnur heimild segir sjóbleikjur 9-12 cm að lengd við fyrstu sjógöngu, en þá hafi þær dvalist 2-4 vetur í fersku vatni, oftast þó 2-3 vetur. Þar er þess og getið að sjóbleikjuseiði hafi veiðst í sjó nálægt árósum allt niður í 6 cm. Þetta er mun minna heldur en gerist í Noregi, en þar er hún talin vera 17-27 cm þegar hún gengur fyrst í sjó (Tumi Tómasson 1989). Athyglisvert er að smábleikjur niður í 5-6 cm að lengd hafa gengið í gildru neðst í Vesturdalsá í Vopnafirði 1989 og 1990 skammt ofan við Skógalón, en í syðsta hluta lónsins er lágt seltustig í efstu lögum vatnsins og við yfirborð. Seltupól seiðanna úr gildrunni var kannað 1990. Reyndust smærri eins og tveggja ára seiðin ekki þola fulla seltu. Talið er líklegt að þau nýti sér æti að

sumarlagi þar sem er lágt seltustig í Skógalóni (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1991). Líklegt má telja að smærri sjóbleikjuseiði geti nýtt sér hliðstæðar aðstæður í árósum annars staðar þar sem líkt hagar til.

Tilraunir með veiði á sjóbleikju í net í Skógalóni í Vopnafirði voru framkvæmdar 19. og 20. júní 1990. Veiddust 33 sjóbleikjur, 15,5-36,5 cm að lengd. Sjóbleikjurnar voru aldursgreindar af kvörnum og reyndust þær vera tveggja til fimm ára. Ein sjóbleikjan, 17,8 cm að lengd, hafði dvalist í fersku vatni í eitt ár áður en hún gekk í sjó. Meðallengd þriggja ára sjóbleikjanna var 18,8 cm (15,6-21,5 cm), fjögurra ára fiskanna 26,0 cm (17,4-33,8 cm) og fimm ára 34,4 cm (31,0-36,5 cm). Á 5. mynd er að finna saman lengdardreifingu á sjóbleikjum sem komu í gildru neðst í Vesturdalsá í Vopnafirði í júní 1990 og á sjóbleikjum sem veiddust í lagnet í Skógalóni 19. og 20. júní 1991. Nokkrar sjóbleikjur, 12-14 cm að lengd, komu í gildruna ásamt smærri sjóbleikjum og er líklegt að þær hafi dvalist þrjú ár í ánni en aðrar eitt eða tvö ár. Ætla verður að sjóbleikjurnar sem veiddust í Skógalóni hafi verið tveggja ára þegar þær gengu á seltuhærri slóðir í lóninu að þeirri undanskilinni sem hafði verið eitt ár í ánni. Kynþroskastigið var greint og voru fimm ára fiskarnir nær kynþroska og stærstu fjögurra ára sjóbleikjurnar (27,5-34,6 cm) voru að nálgast kynþroskastigið (Þórólfur Antonsson 1991, Munnlegar upplýsingar).

Við athugun á sjóbleikjum í Blöndu sumarið 1986 voru 68% þeirra kynþroska og tilbúnar til hrygningar um haustið. Höfðu 30% þeirra gengið einu sinni í sjó, 62% tvisvar og 8% þrisvar. Af ókynþroska sjóbleikjum sem gengu upp í Blöndu 1986 höfðu 64% eina sjógöngu að baki og 26% tvær (Sigurður Guðjónsson 1989). Á öðrum stað er talið að sjóbleikjur verði kynþroska eftir þrjú eða fjögur sumur í sjó (Tumi Tómasson 1989). Niðurstöður af rannsóknum á sjóbleikjum í Skógalóni benda til að sjóbleikjur þar fari þrisvar eða fjórum sinnum í sjó áður en þær verði kynþroska, í umræddu tilviki fjögurra eða fimm ára gamlar (Þórólfur Antonsson 1991, Munnlegar upplýsingar). Aðstæður í

Skógalóni eru sérstæðar. Lónið er 3,6 km² að flatarmáli og er um 40% af flatarmáli þess skálarlaga með 10-13 m dýpi. Lónið er rúmlega 3 km að lengd og um 1 km þar sem það er breiðast. Vesturdalsá fellur í suðurenda þess og er grynnski hluti lónsins syðst í því og á mjóum ræmum meðfram landi. Í dýpsta hlutanum er fullsaltur sjór, en seltumagnið minnkar upp undir og við yfirborð, aðallega syðst í lóninu þar sem útrennsli Vesturdalsár gætir. Áhrif sjávarfalla verður líðið vart í lóninu (Unnsteinn Stefánsson og Björn Jóhannesson 1982). Gera verður ráð fyrir að aðstæður í einstökum ám, svo og veðurbættir, geti haft áhrif á hve oft sjóbleikjur gangi í sjó áður en þær verða kynþroska. Þannig gætu sjóbleikjur langoftast gengið ýmist tvisvar, þrisvar eða fjórum sinnum í sjó áður en kynþroskastiginu er náð.

Við könnun á lengdardreifingu við merkingu á umræddum 104 sjóbleikjum í Viðidalsá koma fram toppar á línuriti sem gætu gefið hugmynd um tölu fyrstu árána eftir að kynþroska er náð, sjá 6. mynd. Út frá línuritinu má ætla að sjóbleikjur frá 31 til 39 cm að lengd, meðallengd 35,4 cm, séu að hrygna í fyrsta skiptið, þær frá 40,0 til 43,0 cm, meðallengd 41,2 cm, séu að hrygna í annað skiptið, og þær 43 til 48 cm, meðallengd 45,5 cm, séu að hrygna í þriðja skiptið. Erfiðara er að áætla út frá 6. mynd tölu ára hjá sjóbleikjum sem hafa hrygnt oftár en þrisvar. Meðalaukning á lengd á fimm merktum sjóbleikjum sem veiddar voru árið eftir merkingu var 5,6 cm. Meðallengdaraukning milli fyrstu og annarrar hrygningar úr hópi hinna 104 merktu sjóbleikja var 5,8 cm, milli annarrar og þriðju 4,3 cm og milli þriðju og fjórðu 4,0 cm.

Til samanburðar við 6. mynd var skoðað línurit yfir lengd á 503 sjóbleikjum sem veiddar voru í Héðinsfjarðarvatni sumarið 1973, 215 í net frá 20. júlí til 10. september og 288 á stöng frá 30. júní til 26. ágúst (Jón Kristjánsson 1973). Væntanlega höfðu þær gengið í sjó fyrri hluta sumars, sjá 7. mynd. Sjóbleikjurnar voru frá 17 til 66 cm að lengd. Aðeins ein sjóbleikja veiddist undir 22 cm að lengd, en hún var 17 cm. Fyrsti toppurinn á línuritinu sem túlkaður er sem seiði á sama aldri er á bilinu 22,0 til 31,0 cm, meðallengd 28,1 cm, næsti

toppur nær frá 32,0 til 39,0, meðallengd 35,3, og ætti sá hópur að verða kynþroska um haustið, þriðji toppurinn er á milli 40,0 og 43,0 cm, meðallengd 41,2 cm, og sá fjórðu milli 44,0 og 49,0 cm, meðallengd 45,5 cm. Séu tölurnar frá Viðidalsá bornar saman við þær frá Héðinsfirði eru þær mjög svipaðar og benda til hins sama hvað aldur snertir, sjá töflu 3.

Út frá því sem að framan er sagt má vænta að algengast sé að sjóbleikjur dveljist 2-4 vetur í fersku vatni og gangi 2-4 sumur í sjó áður en kynþroska er náð, en við dvölinna í fersku vatni bætist þannig 1-3 ár við aldurinn eftir tölu ferða í sjó. Sjóbleikjur við fyrstu hrygningu gætu því verið 3 1/2 til 7 1/2 ára gamlar og þá væntanlega 31-39 cm að lengd. Þegar sjóbleikja hrygnir oftast en einu sinni bætist ár við aldurinn við hverja hrygningu, ef skilyrði eru hagstæð og þær hrygni árlega. Dæmi eru þekkt erlendis frá um að sjóbleikjur hrygni annað hvort ár eða að lengra sé milli hrygninga (Johnson 1980). Á efstu hlutum vatnkerfis Blöndu geta sjóbleikjur dvalist eitt til þrjú ár á hrygningarstöðvunum eftir göngu úr sjó áður en þær hrygna (Sigurður Guðjónsson 1989).

Þegar litið er til aldurs á sjóbleikjunum í Viðidalsá má átla að þær hafi getað verið 3 1/2 til 6 1/2 árs við fyrstu hrygningu og er þá gengið út frá að þær hafi verið tveggja eða þriggja ára við fyrstu sjógöngu eins og kom fram við áðurnefndan hreisturlestur. Við fyrstu hrygningu séu sjóbleikjurnar 31-39 cm að lengd, við aðra hrygningu geti þær verið 40-43 cm að lengd og ættu því að hafa verið 4 1/2 til 7 1/2 árs, við þriðju hrygningu 44-48 cm og 5 1/2 til 8 1/2 árs, sjá töflu 3. Lengstu sjóbleikjurnar sem veiddust, fimm talsins, voru á bilinu 56,0 til 57,5 cm að lengd. Þær elstu þeirra gætu hafa verið nálægt 10 ára gamlar.

Umfjöllun

Merkingar á sjóbleikju í Viðidalsá voru framkvæmdar í nánd við hrygningarstöðvarnar um eða eftir hrygningartímann, þ.e. seinni hluta októbermánaðar í tvö skipti og um mánaðamótin október-nóvember í þrjú skipti. Hvað verður um sjóbleikjuna eftir hrygningu er ekki nákvæmlega vitað, en átlað er að hún

gangi niður ár til vetrardvalar í stöðuvötnum eða á lygn og djúp svæði í ánum ef til eru. Það fyrsta sem vart var við sjóbleikju að vori til var 21. mars (1960) í veiði í Vesturhópsvatni, en hún hefur gengið niður Viðidalsá um Faxalæk inn í Vesturhópsvatn. Síðar að vori til eða 16. maí (1957) veiddist önnur sjóbleikja í Vesturhópsvatni og sú þriðja 2. júní (1957) í Faxalæk. Í Hópinu veiddust níu merktar sjóbleikjur að vori til á tímabilinu frá 22. apríl til 28. maí, en þær voru frá merkingunum öll árin nema 1959. Merktu sjóbleikjurnar sex sem komu fram utan vatnakerfis Viðidalsár veiddust 14. og 19. maí og 2. og 5. júní 1957 í Sigríðarstaðavatni, ein 24. júní 1959 í Húnavatni og ein 22. júní 1957 vestan við ós Blöndu. Þetta gefur til kynna að merktu sjóbleikjurnar úr Viðidalsá hafi haldið sig í sunnanverðum Húnafirði. Ós Sigríðarstaðavatns er um 2 km vestan við Bjargaós. Veiðin í vatninu fór fram frá bænum Ægisíðu, sem er við mitt vatnið vestanvert eða um 3 km innan við ósinn. Vegalengdin frá Bjargaósi eftir strandlengjunni að Húnaósi er um 11 km. Sjóbleikja veiddist um 1 km innan við ósinn. Frá Bjargaósi eftir fjörunni að þeim stað þar sem sjóbleikja veiddist, þ.e. um 100 metra vestan við ós Blöndu, eru um 18 km.

Merkingar á sjóbleikju á vatnasvæði Blöndu hafa verið framkvæmdar á vegum Veiðimálastofnunar síðan 1982 fyrir atbeina Landsvirkjunnar. Niðurstöður af merkingunum á árunum 1982 til 1986 hafa verið birtar (Friðjón Már Viðarsson, 1987 og Sigurður Guðjónsson, 1989). Á því tímabili voru merktar 2749 sjóbleikjur og endurkomu/heimtust 656 fiskar, 286 komu í laxakistuna í fiskveginum við Ennisflúðir, 327 veiddust á vatnasvæði Blöndu og 61 utan þess. Af þeim síðastnefndu veiddust 17 (27,9%) í Húnavatni og í Viðidalsá, 23 (37,7%) í sunnanverðum Húnafirði þar meðtaldar fimm í Sigríðarstaðavatni, og 20 (32,8%) víðsvegar við Húnaflóa og í ár sem í hann falla og ein í Skagafirði. Sjóbleikjurnar sem fóru lengst frá ósi Blöndu, veiddust í Reykjafirði á Ströndum og í sjó við Sléttuhlið við austanverðan Skagafjörð. Í ljósi niðurstöðva af merkingunum í Blöndu mætti ætla að merktar sjóbleikjur úr Viðidalsá hafi getað veiðst utan Húnafjarðar þó að merki hafi ekki endurheimst annars staðar frá.

Athugun á hvenær sjóbleikjurnar úr Viðidalsá veiddust í fersku vatni og hvenær í sjó gefur til kynna að göngur til svávar hafi aðallega farið fram í maí. Göngur úr sjó í ferskt vatn virðast hefjast í júlí. Tvær sjóbleikjur veiddust uppi í ánni í júlí, önnur þann 13. en um veiðidag hinnar er ekki vitað, fimm í ágústmánuði þann 2., 10., 12., 21., og 29., og tvær í september, þann 2. og 12.

Samkvæmt áðurnefndum niðurstöðum úr merkingunum á sjóbleikju í Blöndu er göngutíminn úr ánni í sjó að vorinu í apríl og maí og ganga í ána frá júní til september árlega. Niðurstöður af merkingum í Viðidalsá falla saman við þær í Blöndu í aðalatriðum, en þær fyrrnefndu byggja á verulega minni gögnum.

Veiðiálag á hinar merktu sjóbleikjur var nálægt 26,9%, þ.e. rúmlega fjórði hver fiskur veiddist. Mest var veiðin í einstökum mánuði í maí, 10 fiskar eða 35,7%, en af þeim veiddust tveir utan vatnakerfisins eins og áður sagði. Tíu sjóbleikjur veiddust að sumarlagi á stöng í Viðidalsá eða 35,7%, en á öðrum stöðum fengust samtals 18 fiskar í lagnet eða 64,3%. Af sjóbleikjunum sem merktar voru í Blöndu og áður var getið, komu 388 eða 14,1% fram í veiðinni bæði á vatnsvæði Blöndu og utan þess, þar af veiddust 133 eða 34,3% á stöng og 255 í net eða 65,7%. Netaveiði fór nær eingöngu fram í tilraunaskyni á tveimur jörðum í Blöndudal, en netaveiði er annars bönnuð á vatnsvæðinu. Í laxakistu í Blöndu við Ennisflúðir voru taldar 268 merktar sjóbleikjur, eins og áður sagði. Flestum þeirra var sleppt aftur í Blöndu, en nokkrar voru teknar sem sýni til rannsókna.

Þakkarorð

Þeir sem tóku þátt í að framkvæma merkingar á sjóbleikju í Viðidalsá á árunum 1956-59 og 1963 ásamt greinarhöfundum eiga þakkir skilið fyrir framlag sitt, en það voru þeir Einar Hannesson, Veiðimálastofnun, Eric Mogensen, forstöðumaður Fiskeldisstöðvar Rafmagnveitu Reykjavíkur og síðar stövarstjóri í Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, Páll Einarsson, Ólafur Óskarsson og Óskar Teitsson, sem var á áðurnefndum árum

formaður Veiðifélags Víðidalssár, og ennfremur Björn Lárusson, sem seinna varð formaður Veiðifélagsins. Björn veitti og munnlegar upplýsingar um veiði og fleira. Einnig ber að þakka þeim veiðimönnum, sem hafa skilað merkjum af sjóbleikjunum og gefið upplýsingar um veiðina. Þórólfi Antonssyni er þakkað sérstaklega fyrir að lána gögn sín frá Skógalóni og fyrir 4. og 5. mynd. Þá skal Lárusi Þór Kristjánssyni þakkað fyrir gerð 1. myndar, þeim Sigurði Guðjónssyni og Friðjóni Má Viðarssyni fyrir að lesa hreistrið, Guðna Guðbjartssyni fyrir uppsetningu á 6. og 7. mynd og Tuma Tómassyni fyrir gagnlegar upplýsingar og ábendingar. Ennfremur ber að þakka Gunnari Helgasyni, lögfræðingi, fyrir að leyfa afnot af gögnum úr Héðinsfjarðarvatni sem safnað var sumarið 1973 á kostnað leigutaka vatnsins.

Heimildir

- Björn Lárusson. 1991. Munnlegar upplýsingar um veiði og fleira.
- Friðjón Már Viðarsson. 1987. Sjóbleikjurannsóknir í Blöndu, A-Húnavatnssýslu. Prófrítgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík. 32 bls.
- Ingimar Jóhannsson, Björn Jóhannsson og Jónas Bjarnason. 1977. Um sjóbleikju. Ægir, 86-93.
- Johnson, L. 1980. The Arctic charr, (Salvelinus alpinus). Í: Charrs: salmonid fishes of the genus Salvelinus. Ritsj. E.K. Balon. Dr. Junk Publ., The Hague. 15-98.
- Jón Kristjánsson. 1973. Fiskifræðilegar rannsóknir á Héðinsfjarðarvatni sumarið 1973. Bráðabirgðaskýrsla. Handrit.
- Noreng H. 1961. On the biology of char (Salmo alpinus L) in Salangen, North Norway. 1. Age and spawning frequency determined from scales and otoliths. Nytt Magasin for Zoologi, 10:67-123.
- Sigurður Már Einarsson, Rúnar Ragnarsson, Vigfús Jóhannsson og Jóhannes Sturlaugsson. 1991. Göngur sjóbleikju í vatnakerfi Hvítár í Borgarfirði. Ráðstefna Hólum í Hjaldadal 16.-18. 1991. 10 bls.
- Sigurður Guðjónsson. 1989. Migration of anadromous Arctic char (Salvelinus alpinus L.) in a glacier river, River Blanda, North Iceland. Proc. Salmonid Migration and Distribution Symposium. 1987. Ed. E. Brannon and B. Jonsson. 116-123.
- Sigurjón Rist. 1990. Vatns er þörf. 248 bls. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Tumi Tómasson. 1989. Líffræði bleikjunnar. VMST-N/89005. 8 bls.

Tumi Tómasson. 1991. Munnlegar upplýsingar um bleikju í Hópinu.


Tumi Tómasson og Finnur Garðarsson. 1985. Víðidalsá 1984. VMST-/85021. 12 bls.

Unnsteinn Stefánsson og Björn Jóhannesson. 1982. Nýpslón í Vopnafirði - eðliseiginleikar og efnabúskapur. Tímarit VFÍ, 2: 17-30.

Þórólfur Antonsson. 1990. Vesturdalsá í Vopnafirði 1989. Gönguseiðagildra og rafveiðar. VMST-R/90001. 16 bls.


Þórólfur Antonsson. 1991. Munnlegar upplýsingar um sjóbleikjuveiði í Skógalóni í Vopnafirði 1991.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson. 1991. Vesturdalsá í Vopnafirði. Gönguseiði, endurheimtur og þéttleiki smáseiða. VMST-R/91012. 18 bls.




Merkjar	Eðurheimjar
1956	●
1957	○
1958	■
1959	□
1963	▲
1956	
eða	
1957	★

1. mynd. Veiðistaðir merktra sjóbleikja á vatna-
svæði Viðidalsár og í nágrenni þess.




2. mynd. Frá Viðidalsá. Riðablettur eftir sjóbleikju fannst við fatur mannsins á myndinni, sem tekin var 16. október 1959.

(Mynd: Þór Guðjónsson)




3. mynd. Dregið á fyrir sjóbleikju í lanu úr Viðidalsá 16. október 1959.

(Mynd: Þór Guðjónsson)



4. mynd. Lengd og þyngd á 19 endurveiddum sjóbleikjum merktum í Viðidalsá 1956-1959 og 1963.



5. mynd. Lengdardreifing á sjóbleikjum í Vesturdalsá og í Skógalóni í Vopnafirði. Seiði innan við 14,5 cm veiddust í gildru neðst í Vesturdalsá í júní 1990. Lengri fiskarnir fengust í net í Skógalóni í júní 1991 (Þórólfur Antonsson 1991).

Tafla 1. Lengd sjóbleikju við merkingar í Viðidalsá


á árunum 1956-1959 og 1963

	Hangar	Hrygnur	Samtals
30,5-35,0 cm	9	11	20
35,5-40,0 "	3	19	22
40,5-45,0 "	7	15	22
45,5-50,0 "	5	12	17
50,5-55,0 "	9	3	12
55,5-60,0 "	2	3	5
60,5-65,0 "	3	1	4
65,5-70,0 "	2	0	2
	<u>40</u>	<u>64</u>	<u>104</u>


Tafla 2. Lengd á merktum sjóbleikjum við endurveiði

á árunum 1956-1961, 1964 og 1965


	Hangar	Hrygnur	Samtals
30,5-35,0 cm	0	1	1
35,5-40,0 "	0	4	4
40,5-45,0 "	3	1	4
45,5-50,0 "	1	4	5
50,5-55,0 "	1	2	3
55,5-60,0 "	1	4	5
	<u>6</u>	<u>16</u>	<u>22</u>




4. mynd. Lengd og þyngd á 19 endurveiddum sjóbleikjum merktum í Viðidalssá 1956-1959 og 1963.



5. mynd. Lengdardreifing á sjóbleikjum í Vesturdalsá og í Skógalóni í Vopnafirði. Seiði innan við 14,5 cm veiddust í gildru neðst í Vesturdalsá í júní 1990. Lengri fiskarnir fengust í net í Skógalóni í júní 1991 (Þórólfur Antonsson 1991).



6. mynd. Lengdardreifing á 104 sjóbleikjum merktum í Viðidalsá 1956-1959 og 1963.



— STANGVEIDI + NETAVEIDI * HEILDARVEIDI

7. mynd. Lengdardreifing á 503 sjóbleikjum úr Héðinsfjarðarvatni veiddum 1973.

Tafla 3. Lengdardreifing á sjóbleikjum
frá þremur veiðivötnum á landinu

	Aldur	<u>Skógalón</u>	<u>Víðidalsá</u>	<u>Héðinsfj.vatn</u>
	Ár	Meðallengd Cm	Meðallengd Cm	Meðallengd Cm
Eftir 2. sjóg.	1	18,8 (15,6-21,5)	-	-
" 3. "	2	26,0 (17,4-33,8)	-	28,1 (22,0-31,0)
" 4. "	3	34,4 (31,0-36,5)	35,4 (31,0-39,0)	35,3 (32,0-39,0)
" 5. "	4	-	41,2 (40,0-43,0)	41,2 (40,0-43,0)
" 6. "	5	-	45,5 (44,0-48,0)	45,5 (44,0-49,0)

Gögnunum sem taflan byggir á var safnað í Skógalóni í júnímánuði 1991, í Víðidalsá nær eingöngu á seinni helmingi októbermánaðar á árunum 1956-59 og 1963 og í Héðinsfjarðarvatni aðallega í júlí og ágúst 1973.

Þegar áætla skal aldur á sjóbleikjum á grundvelli ofanritaðs þarf að bæta við tölu ára sem viðkomandi fiskar hafa dvalist í fersku vatni áður en þeir gengu fyrsta sinn í sjó.

Meðallengdaraukning milli ára hjá sjóbleikjunum var 4,3 til 8,4 cm, meiri fyrir kynþroskann, þ.e. 7,2 til 8,4 cm, og minni eftir hann eða 4,3 til 5,9 cm.